

**Sp. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]**  
um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

**Flm.: Benedikt Gröndal.**

**Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í fjölmiðlun.**

**Greinargerð.**

**Kennsla í blaðamennsku hófst í bandarískum háskólum um 1870 og er útbreidd. Yfirleitt leiðir hún til BA-prófs, og er hin eiginlega fagkennsla um 25% námsins,**

en annað námsefni 75%. Margir skólar bæta við einu ári til MA-prófs. Mestrar virðingar á þessu sviði nýtur Columbia-háskólinn í New York, sem kennir blaðamennsku eitt ár til MA-prófs, en krefst BA-prófs í öðrum greinum til inngöngu.

Í Evrópu breiddist kennsla í blaðamennsku út eftir fyrri heimsstyrjöldina og var ýmist í háskólum eða sérstökum skólum. Eftir seinni styrjöldina færðist þessi kennsla í vaxandi mæli inn í háskólana og var tekin upp í flestum löndum álfunnar.

Á síðari árum hefur kennslan í blaðamennsku víðast breytt í fjölmiðlun, tíðum kölluð „Communications“ í Bandaríkjunum, eða „Publizistik“ í Þýzkalandi. Er greinileg þróun í þá átt að líta á fjölmiðlun sem heild, rannsaka áhrif hinnar öru þróunar á því sviði á manninn og líf hans, bæði frá félagslegum og sálfræðilegum sjónarhól.

Víða er reynsla fyrir því, að fólk með háskólamenntun af þessu tagi er eftirsótt til hinna margvíslegustu starfa annarra en við fjölmiðlunartækin sjálf.

Hér á landi má áætla, að séu 150—200 stöður, sem sérmenntun á sviði fjölmiðlunar mundi henta. Við blöðin eru um 100 manns, við hljóðvarp og sjónvarp 25—50, en þar við bætast auglýsingastofur, blaðafulltrúar (en þeim fer sífjölgandi), starfsmenn hugsjónastofnana (Rauða krossins, Landverndar og slíkra), svo og starfsmenn stjórnmalaflokka o. fl. Er líklegt, að eftir fá ár verði stöður þessar 200—300 og fari stöðugt fjölgaði.

Verði tekin upp kennsla í fjölmiðlun við Háskóla Íslands, gæti hún leitt til BA-prófs á þrem árum. Gætu um 25% námsins verið í hinum ýmsu greinum fjölmiðlunar, 25% í íslensku og öðru nútímamáli og loks 50% í öðrum greinum, t. d. félagsfræðum.

Kennsla í fjölmiðlunarfræðum gæti fjallað um eftirtalin atriði:

- 1) Fjölmiðlun almennt, forsögu upplýsingamiðlunar, tæknibyltingu og ný viðhorf, áhrif fjölmiðlunar á nútíma þjóðfélög, hlutverk fjölmiðlunar í mismunandi stjórnkerfum, áhrif á einstaklinga o. s. frv.
- 2) **Blaðamennsku**, sögu hennar erlendis og hérlendis, ólíkar gerðir blaða og tímarita, mismunandi störf við blaðamennsku, prentlist, síðareglur blaðamanna.
- 3) **Útvarp**, sögu hljóðvarps og sjónvarps, meginatriði í dreifingartækni og stúdíótækni, skólasjónvarp, mismunandi starfsþættir, áhrif útvarps á einstaklinga, félagslíf og aðrar menningarstofnanir.
- 4) **Bókaútgáfu**, sögu hennar, tækni, efnahagsshlið útgáfu, prófarkalestur o. fl.
- 5) **Kvikmyndir**, meginatriði tækninnar, notkun hennar til upplýsingar eða skemmtunar, kvikmyndin sem listgrein, fréttamiðill, áróðurstæki.
- 6) **Auglýsingar**, stöðu og býðingu þeirra í mismunandi hagkerfum, áhrif þeirra á neyflu og neyfluvenjur, skipulag og fjárhagsgrundvöll auglýsingastarfsemi, mismunandi auglýsingamiðla, mat árangurs, löggjöf.
- 7) „**Public Relation**“ (gott íslenskt orð vantar vfir þessa starfsgrein, sem spannar allt samband stofnunar eða fyrirtækis við almenning), þjóðfélagsleg þýðing, tilgangur, aðferðir, mat árangurs.
- 8) **Áróður**, saga hans, sálfræði, áróðurstækni og notkun hennar til góðs eða ills.
- 9) **Almenningsálit**, félagslegar hugmyndir um það og skilgreining þess, skoðanakönnun, aðferðir og gildi.
- 10) **Skoðanamyndun** í nútíma þjóðfélagi, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi í orði og reynd, lagaleg viðhorf, síðferðileg viðhorf.

Þessi kennsla mundi fljótlega leiða til þess, að skönuð yrði aðstaða til æfinga, en hún gæti iafnframt haft viðtak áhrif á félagslíf stúdenta og Háskólans í heild. Hér er átt við tvennt:

A) Að æfið yrði út með reglulegu millibili (hálfsmánaðarlega eða vikulega) blað fyrir Háskólann. Það yrði fréttá- og umræðublað skólans.

B) Að Háskólinn fengi sína eigin útvarpsstöð (t. d. á örbylgju). Stöðin yrði vegna landslaga að vera eign Ríkisútvarpsins og starfa á þess áhyrgð. Stúdentar

mundu annast dagskrá nokkrar stundir í viku undir leiðsögn kennara, en jafnframt yrði þetta ákjósanlegasti skóli fyrir Ríkisútvarpið, sem gæti fundið þar liðtæka starfsmenn.